

66. kirkjuþing 2024-2025

39. mál - þskj. 39a

TILLAGA

til þingsályktunar um sölu fasteigna.

Flm. **Rúnar Vilhjálms**son, Arna Grétarsdóttir, Árni Helgason, Einar Már Sigurðarson og Puriður Björg Wium Árnadóttir.

Kirkjuþing 2024-2025 samþykkir að heimila sölu fasteignarinnar íbúðarhús og geymsla að Holti í Önundarfirði, F2126059, matseiningar 030101 og 050101, enda fáist viðunandi verð fyrir.

Greinargerð.

Tillaga þessi er lögð fram af stjórn Þjóðkirkjunnar. Stjórnin leggur til að heimild verði veitt til að selja íbúðarhúsið að Holti í Önundarfirði. Áréttað er að jörðin og hlunnindi hennar verða áfram í eigu Þjóðkirkjunnar verði tillagan samþykkt. Stofnuð verði ný lóð undir íbúðarhúsið og mannvirkið selt samhliða því að gengið verði frá lóðarleigusamningi.

Ástæða þess að tillagan er lögð fram er að húsið er í óviðunandi ástandi þar sem m.a. þarf að skipta um klæðningu á húsinu og ummerki eru um raka og myglu í húsinu. Húsið er í almennri útleigu í dag en til þess að Þjóðkirkjan sinni viðhaldsskyldu sinni sem leigusali þarf að ráðast í mjög kostnaðarsamar aðgerðir. Í ljósi þess og þar sem húsnæðið er ekki nýtt undir þjónustu kirkjunnar leggur stjórnin til að fengin verði söluheimild á húsnæðið.